

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/215**

2018/EES/42/08

frá 30. nóvember 2016

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 98/2013 að því er varðar að bæta sexvötnuðu magnesíumnítrati í skrána yfir forefni sprengiefna í II. viðauka (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 98/2013 frá 15. janúar 2013 um markaðssetningu og notkun forefna sprengiefna ⁽¹⁾, einkum 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 98/2013 eru talin upp forefni sprengiefna sem falla undir samræmdar reglur um aðgengi almennra borgara að þeim og tryggja viðeigandi tilkynningar um grunsamleg viðskipti með þessi efni, hvarf þeirra og þjófnað á þeim í gegnum alla aðfangakeðjuna.
- 2) Efnin, sem eru skráð í II. viðauka, eru aðgengileg almennum borgurum en falla undir tilkynningarskyldu sem tekur bæði til atvinnuotenda í gegnum alla aðfangakeðjuna og almennra borgara.
- 3) Nú þegar eru margar tegundir nítratsalta skráðar í II. viðauka með hliðsjón af því að unnt er að misnota þær sem forefni sprengiefna. Magnesíumnítrat, sem afhendist á sexvötnuðu formi, er efni með svipaða eiginleika en hefur ekki enn verið fært í skrána.
- 4) Sexvatnað magnesíumnítrat er, eins og sakir standa, notað sem óeftirlitsskylt staðgönguefni fyrir nítratsölt og skráð í II. viðauka. Þar að auki hafa á síðustu árum verið tilkynningar um misnotkun fyrrgreinds efnis sem forefni sprengiefnis utan Sambandsins.
- 5) Í ljósi hættunnar eða umfangs þeirra viðskipta sem tengjast sexvötnuðu magnesíumnítrati getur þróun misnotkunar á því, eins og sakir standa, ekki réttlætt takmarkaðan aðgang almennra borgara að efninu.
- 6) Nauðsynlegt er að auka eftirlit til að gera landsyfirvöldum kleift að koma í veg fyrir og greina mögulega ólöglega notkun þessa efnis sem forefni sprengiefnis og unnt er að ná þessu fram með því að nota tilkynningarkerfið sem komið var á fót samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 98/2013.
- 7) Í ljósi þeirrar hættu sem stafar af aðgengi að sexvötnuðu magnesíumnítrati og að teknu tilliti til þess að tilkynningarskylda varðandi efnið muni hvorki hafa veruleg áhrif á rekstraraðila né neytendur er réttlætanlegt og í samræmi við meðalhóf að bæta þessu efni í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 98/2013.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Eftirfarandi efni bætist við í töfluna í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 98/2013:

| | | |
|--|------------|-------------|
| „Magnesíumnítrat, sexvatnað (CAS-nr. 13446-18-9) | 2834 29 80 | 3824 90 96“ |
|--|------------|-------------|

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 34, 9.2.2017, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 109/2018 frá 31. maí 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 39, 9.2.2013, bls. 1.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. nóvember 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
